

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík 13. október 2020
UST202010-054/E.F.
04.01

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (menntun og þjálfun, eftirlit með starfsemi og athöfnum o.fl.), mál nr. 204/2020

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur nú til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. 204/2020

Frumvarpinu er ætlað að styrkja heimildir ráðherra til að kveða í reglugerð á um lágmarkskröfur um menntun, þjálfun og námskeið fyrir þá sem þurfa að hafa þekkingu og hæfni á sviði sóttvarna, skyndihjálpar og öryggis og próf sem viðkomandi skal standast til að sýna fram á þekkingu. Markmið frumvarpsins er að auka skýrleika laganna, þ. á m. hvað varðar eftirlitsskyldur með starfsemi og athöfnum sem valdið geta mengun eða ógnað hollustuháttum þrátt fyrir að vera hvorki starfsleyfis- né skráningarskyldar. Umhverfisstofnun var ráðuneytinu til samráðs við gerð draga að umræddu frumvarpi og tekur undir efni þess og markmið. Að mati Umhverfisstofnunar stuðlar þær breytingar sem lagðar eru til að bættu öryggi almennings og bættri vernd lífsgæða og umhverfis m.t.t. hollustuhátta og mengunar. Umhverfisstofnun vill þó koma eftirfarandi atriðum á framfæri sem stuðlað gætu enn frekar að því að markmiðum frumvarpsins verði náð:

Um 1. tölul. 4. gr. laganna:

Með frumvarpinu er lögð fram tillaga að nýju ákvæði, 54. gr. a, um eftirlit með starfsemi og athöfnum sem hvorki eru starfsleyfis- né skráningarskyldar. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að gera breytingar á 1. tölul. 4. gr. laganna til samræmis við framangreint, svo ráðherra sé heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um slíkt eftirlit, líkt og um eftirlit með atvinnurekstri eins og nú er heimilt.

Í ljósi framangreinds er lagt til að 1. tölul. 4. gr. verði svohljóðandi:

„1. eftirlit með atvinnurekstri og annarri starfsemi eða athöfnum sem falla undir þessa grein, sem og útgáfu og efni starfsleyfa, sbr. 7. gr. og skráningarskyldu, sbr. 8. gr.“

Um 2. tölul. 4. gr. laganna:

Í samræmi við markmið frumvarpsins um að skýra eftirlitsskyldur hvað varðar starfsemi og athafnir sem hvorki eru starfsleyfis- né skráningarskyldar leggur Umhverfisstofnun til

að heimild ráðherra til að setja ákvæði í reglugerð um hluti, búnað eða tæki sem valdið geta skaða, mengun eða lýti á umhverfinu og um heimildir heilbrigðisnefnda til að bregðast við slíku, sbr. 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti, verði skýrðar frekar. Myndu slíkar heimildir gilda óháð eignarhaldi á lóð, enda sé að mati heilbrigðisnefndar ástæða til að bregðast við vegna hættu fyrir umhverfið, öryggi eða hollustuhætti og meginreglna stjórnsluréttar sé gætt að því marki sem unnt er hvað varðar andmælarétt, rannsóknarreglu og meðalhóf. Heilbrigðisnefndir hafa kallað eftir auknum skýrleika hvað þetta varðar, sbr. erindi sem barst Umhverfisstofnun frá heilbrigðisnefnd Suðurlands, dags. 20. ágúst sl. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem fjallar um valdsvið og þvingunarúrræði, hafa heilbrigðisnefndir heimildir til að beita áminningu og dagsektum eða láta vinna verk á kostnað aðila, m.a. þegar gera þarf ráðstafanir vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspillandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki, sbr. 2. mgr. 61. gr. laganna.

Í ljósi framangreinds er lagt til að 2. tölul. 4. gr. verði svohljóðandi:


„2. umgengni og hreinlæti utan húss, þ. á m. umhirðu og frágang lausamuna og um heimildir heilbrigðisnefndar til að gera kröfu um ráðstafanir vegna framangreinds.“

Umhverfisstofnun telur framangreindar tillögur stofnunarinnar ásamt þeim breytingum sem fram koma í umræddu frumvarpi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins nauðsynlegar svo að vernd heilsu almennings og umhverfisins verði ekki lakari þrátt fyrir þær breytingar sem hafa verið og munu verða gerðar í átt að einfaldara regluverki og minni stjórnslubyrði í þágu atvinnulífs og almennings í samræmi við sáttmála ríkisstjórnarinnar frá 2017. Til að mynda hefur ákveðin starfsemi verið gerð skráningarskyld í stað starfsleyfis-skyldu, og ákveðin starfsemi sem áður var starfsleyfis-skyld er nú hvorki starfsleyfis- né skráningarskyld. Að áliti stofnunarinnar er því mikilvægt að skýra eftirlitsheimildir og -skyldur svo sem unnt er og tryggja þar með að hægt verði að bregðast við hættu gagnvart umhverfinu, öryggi og hollustuháttum með fyrirbyggjandi hætti.

Virðingarfyllst,



Erla Friðbjörnsdóttir
lögfræðingur



Elva Rákel Jónsdóttir
sviðsstjóri